

Rangá, Fellahreppi: frumathugun á
virkjunarkosti

**Gunnar Orri Gröndal,
Ríkey Hlín Sævarsdóttir**

Greinargerð GOG-RHS-2003-01a

RANGÁ, FELLAHREPPI

- frumathugun á virkjunarkosti -

EFNISYFIRLIT

Formáli	iii
1. Upplýsingar frá umsækjanda	1
1.1. Almennar upplýsingar	1
1.2. Vatnsréttindi	1
1.3. Stutt lýsing á aðstæðum	1
1.4. Vitneskja um rennsli.....	1
2. Upplýsingar um vatnsfall	2
3. Upplýsingar um rennslismælingar	2
4. Jarð- og vatnajarðfræðilegar upplýsingar	2
4.1. Hérað og Jökuldalur	4
4.1.1. Jarðfræði – jarðsaga.....	4
4.1.2. Berghlaup og skriður	10
4.1.3. Vatnafar	12
5. Mikilvægar staðsetningar	14
6. Ljósmyndir frá skoðunarferð 14. nóv. 2002	14
7. Frumathugun á virkjun í Rangá í Hróarstungu	17
7.1. Inngangur	17
7.2. Fyrirliggjandi gögn.....	17
7.3. Fyrirkomulag virkjunar	18
7.4. Uppsett afl og raforkuframleiðsla	19
7.5. Hagkvæmni	19
7.6. Samantekt	20
8. Heimildir	20
Viðauki I: Greinargerð frá skoðunarferð að Rangá og leiðbeiningar um vatnshæðarmælingar á kvarða	21

MYNDASKRÁ

Mynd 1: Árleg meðalúrkoma, afrennsli og gnóttargufun á Austurlandi	3
Mynd 2: Vatnajarðfræðileg svæðaskipting Austurlandskjördæmis og ástand neysluvatnsmála	3
Mynd 3: Smájöklaskeið og Daljöklaskeið á Austurlandi	3
Mynd 4: Stefna berghlaupa á Austurlandi	3
Mynd 5: Hérað og Jökuldalur – laus jarðlög	5
Mynd 6: Gamla rafstöðin.....	14
Mynd 7: Gamla stíflan (ónýt)	14
Mynd 8: Gamla stíflan (ónýt)	15
Mynd 9: Gamla stíflan (ónýt)	15
Mynd 10: Gamla stíflan (ónýt)	15
Mynd 11: Gamla stíflan (ónýt)	15
Mynd 12: Mælistaður	16
Mynd 13: Fyrirhugað stíflustæði	16
Mynd 14: Langæislína Miðhúsaár, vhm 47. Afrennsli skv. mæl. 1949-1989.....	18
Mynd 15: Mögulegt fyrirkomulag virkjunar í Rangá.....	18

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1: Yfirlit rennslismælinga í Rangá	2
Tafla 2: Skýringar við kort / mynd 5	5
Tafla 3: Strandlínur á Héraði og í Jökulsárhlíð	7
Tafla 4: Berghlaup á Héraði og í nærsveitum þess.....	10
Tafla 5: Mikilvægar staðsetningar við Rangá	14
Tafla 6: Yfirlit yfir raforkuframleiðslu virkjunar í Rangá.....	19
Tafla 7: Helstu kennistærðir virkjunar í Rangá	20

FORMÁLI

Í samræmi við niðurstöður ráðgjafanefndar Iðnaðarráðuneytisins um hagkvæmni smávirkjana var Orkustofnun falið að sjá um aðstoð vegna undirbúnings smávirkjana. Sú aðstoð varðar aðallega ráðgjöf um rennslismælingar og frummat á aðstæðum. Benedikt Guðmundsson hjá Akureyrarútibúi Orkustofnunar hefur yfirumsjón með verkefninu, en Vatnamælingar Orkustofnunar (Gunnar Orri Gröndal, Ríkey Hlín Sævarsdóttir o.fl.) sjá um ráðgjafarhlutann.

Það er langt því frá að frummat á aðstæðum sé tæmandi úttekt á öllum þeim atriðum sem taka þarf afstöðu til við undirbúning smávirkjunar, en það ætti að geta nýst vel þegar ákvörðun er tekin um framhald á undirbúningsathugunum. Dæmi um mikilvægt atriði sem ekki er fjallað um hér, en nauðsynlegt er að gera grein fyrir áður en hafist er handa, er nákvæmlega hvaða orkuþörf virkjuninni er ætlað að uppfylla. Einnig er mikilvægt að gera grein fyrir kröfum til gæða og afhendingaröryggis, einkum ef ætlunin er að selja orku inn á markað.

Reykjavík, 22. október 2003

Gunnar Orri Gröndal
Sími 5696025
Tölvupóstfang gog@os.is

Ríkey Hlín Sævarsdóttir
Sími 5696069
Tölvupóstfang rhs@os.is

1. UPPLÝSINGAR FRÁ UMSÆKJANDA

1.1. Almennar upplýsingar

1.1.a. Nafn: Víkingur Gíslason	1.1.b. Kennitala: 110729-2199
1.1.c. Nafn bæjar/lögbýlis: Skógargærði	1.1.d. Sveitarfélag: Fellahreppur
1.1.e. Nafn vatnsfalls (og vatnsfalls er það fellur í): Rangá, fellur í Lagarfljót	

1.2. Vatnsréttindi

1.2.a. Eru vatnsréttindi óskipt á forræði umsækjanda? Nei
1.2.b. Ef ekki, hverjir aðrir deila vatnsréttindum (bæjarnafn/nöfn)?

1.3. Stutt lýsing á aðstæðum

1.3.a. Áætluð hæð inntaks: Fallhæð 12,70 m	
1.3.b. Áætluð hæð frárennslis úr virkjun: (m.y.s.)	
1.3.c. Inntaksaðstæður: Klöpp í grunnu gili	1.3.d. Pípuleið: Grýtt fyrstu 100 m, svo slétt
1.3.e. Áætluð rafmagnsframleiðsla: a) Til eigin nota: (kW)	
b) Til sölu í almenningsveitu: (MW)	
1.3.f. Tenging; fjarlægð í næstu 3-fasa línu: (km)	

1.4. Vitneskja um rennsli

1.4.a. Ein eða fleiri stakar rennismælingar? Nokkrar mælingar, sjá síðar
1.4.b. Mælistífla, hve lengi í rekstri?
1.4.c. Annað, sem talið er skipta máli: Vatnsaflsstöð við Rangá. Á þessum stað byggð stöð 1950, gekk í 17 ár. Virkjunaraðilar þeir sömu nú og þá.

Undirritaður sækir hér með um styrk iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis til frumathugunar á aðstæðum fyrir vatnsaflsvirkjun á framangreindum stað og felur Atvinnuþróunarfulltrúa fjórðungsins fullt umboð til að annast milligöngu í því sambandi. Frumathugun innifeli úttekt á fyrirliggjandi gögnum, heimsókn sérfræðings frá Vatnamælingum Orkustofnunar til athugunar á aðstæðum og leiðbeininga um nauðsynlega frekari gagnaöflun, svo sem rennismælingar, ásamt skriflegri greinargerð. Undirritaður skuldbindur sig til að greiða XX % af kostnaði við slíka frumathugun, eða allt að kr. 50.000 á VSK, hvor upphæðin sem er lægri. Einnig skuldbindur undirritaður sig til að skila upplýsingum um vatnshæð og rennsli, sem kunna að safnast við kvarða og mælistíflur á hans vegum, til varðveislu hjá Vatnamælingum Orkustofnunar, þannig að þær nýtist áfram við grundvallarrannsóknir í almannapágu.

Undir þetta ritar: Víkingur Gíslason	Staður og dagsetning:
Vottur: Þórarinn J. Hallsson	Kennitala: 061248-2509
Vottur: Aðalsteinn Hákonarson	Kennitala: 300165-4199

2. UPPLÝSINGAR UM VATNSFALL

Upplýsingar fengnar úr gagnagrunni Vatnamælinga:

Heiti vatnsfalls: Rangá

Vatnsfallsnúmer: 398

Hérað: Héraði

Lengd vatnsfalls: 35 km

Nafnbundin lengd vatnsfalls: 20 km

Flatarmál vatnasviðs: 130 km²

Hæð ósa: 20 m.y.s.

Fjarlægð ósa frá sjó: 41 km

Aðalvatnsfall: Lagarfljót; vatnsfallsnúmer 54

Rennur úr stöðuvatni: Sandvatn, Bóttarheiði; vatnsfallsnúmer 1875

Rennur í vatnsfall: Lagarfljót; vatnsfallsnúmer 54

Greinargerð frá skoðunarferð að Rangá þann 14. nóvember 2002 er að finna í viðauka I.

3. UPPLÝSINGAR UM RENNSLISMÆLINGAR

Fimm gamlar rennslismælingar eru til í Rangá og ein nýleg. Þær eru eftirfarandi:

Yfirlit rennslismælinga í fyrirhuguðum virkjunarám á Austurlandi											
Umsókn nr. 15: Rangá, Héraði; fellur í Lagarfljót											
Staðar-númer	Vhm-númer	Dagsetn. og tími mælingar	Nafn vatnsfalls og rennslismælistaður	W (cm)	Q ₁ (m ³ /s)	Q ₂ (m ³ /s)	Gráður (Hjörsey)				Athugasemdir
							Gr. N	Mín. N	Gr. V	Mín. V	
	17	470717-0000	Rangá, Hróarstungu, 200 m n.v. brú	42	2.75						Mæling nr. 9
	17	470717-0001	Rangá, o.v. Ærlæk og Svínalæk	42	1.8						Mæling nr. 10
	17	470923-0000	Rangá, o.v. Ærlæk og Svínalæk	25	0.54						Mæling nr. 72
	17	500325-0000	Rangá, o.v. Ærlæk og Svínalæk		0.075						Mæling nr. 176
	17	500325-0001	Rangá, o.v. Ærlæk og Svínalæk		0.075						
	7	000827-1400	Rangá, neðan þjóðvegur, milli brúa			0.7963					


Q₁: Eldri útreikningur á rennsli
 Q₂: Endurreiknað rennsli í GALVOS. Ef ekkert er tilgreint þá hefur mælingin ekki verið endurreiknuð.

ATH: Gefin eru upp tvö vatnshæðarmælisnúmer þar sem ósamræmis gætir í skráningu mælinganna. Verður lagfært við endurreiknun. Álestur á fyrstu þrjár mælingarnar er af gömlum kvarða sem staðsettur var við brúna hjá Bót. Eftir er að finna staðarnúmer í mælingarnar, verður gert þegar staðsetning mælistaðanna verður fundin.


Tafla 1: Yfirlit rennslismælinga í Rangá

4. JARÐ- OG VATNAJARÐFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Eftirfarandi kafli, texti og teikningar, er tekinn úr skýrslu Árna Hjartarsonar o.fl. (1981) og inniheldur almennar jarð- og vatnafræðilegar lýsingar á Héraði og Jökuldal. Þar sem svæðið, sem til umfjöllunar í kaflanum er, er mun stærra en vatnasvið Rangár gefur auga leið að hluti textans veitir takmarkaðar upplýsingar um virkjunarmöguleika hennar. Með heildar jarð- og vatnafræðilega yfirsýn svæðisins í huga var samt ákveðið að birta kaflann nánast í heild sinni.




Mynd 1: Árleg meðalúrkoma, afrennsli og gnóttargufun á Austurlandi (Árni Hjartarson o.fl., 1981)



Mynd 2: Vatnajarðfræðileg svæðaskipting Austurlandskjördæmis og ástand neysluvatns-mála (Árni Hjartarson o.fl., 1981)



Mynd 3: Smájöklaskeið og Daljöklaskeið á Austurlandi (Árni Hjartarson o.fl., 1981)



Mynd 4: Stefna berghlaupa á Austfjörðum (Árni Hjartarson o.fl., 1981)

4.1. Hérað og Jökuldalur

4.1.1. Jarðfræði – jarðsaga


Fáir landshlutar bera jafn glögg merki jökulsvörfunar og Fljótsdalshérað. Hvarvetna getur að líta jökulfáguð hvalbök með rispum og grópum, malarása, vatnrásir og jökulgarða. Verklag ísaldarjöklanna leynir sér ekki.

Jökulrispunar og grópirnar sýna hreyfingar jöklanna. Víða um Hérað er tvöfalt kerfi jökulráka á klöppum og sýna tvær mismunandi skriðstefnur jökulsins frá einum tíma til annars. Eldra kerfið sýnir jökulskrið út Hérað og úr öllum þverðölum þess á haf út. Jökulrispur, jökulgrópir og hvalbök sýna, að hér hefur verið um mikið og langvarandi ísskrið að ræða. Guðmundur Kjartansson (1955) hefur lýst jökulrákum á Fjarðarheiði sem tilheyra eldra kerfinu. Af þeim hefur hann dregið þær ályktanir, að þegar jökull var hvað þykkastur á síðasta jökulskeiði hafi hann gert betur en að sléttfylla Fljótsdalshérað hjá Egilsstöðum. Jökulrákir á heiðinni sýna, að jökultunga hefur skriðið yfir hana frá Héraði ofan í Seyðisfjörð. Guðmundur hefur fundið rispur þessa jökuls upp í 660 m.y.s. í norðurhalla Gagnheiðar. Þegar jökullinn á Héraði gat sent frá sér kvísl yfir Fjarðarheiði hefur hann ekki verið minna en 660 m þykkur þar sem nú er Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum. Slíkur jökull hefur teygst sporð sinn á haf út.

Yngra kerfið er mun ógreinilegra og kemur einungis fram á Héraði, allra yst á Jökuldal og í ofanverðri Jökulsárhlíð. Oftast verður þess aðeins vart í mynd jökulrispa, en einstaka sinnum kemur það fram sem grunnar grópir. Það ber því vott um skammvinnt jökulskrið. Þetta kerfi liggur mismunandi skakkt á eldra kerfið. Mest er misvísunin í mynni Jökuldals og fyrir mynni Skriðdals og Eyvindarárdals. Utan við Sleðbrjót og Lagarfoss verður yngra rákakerfisins ekki vart (sjá mynd 5). Rispur þessar má túlka á tvennan hátt:

1. Þær geta stafað af breyttri skriðstefnu meginjökulsins á hopunarskeiði hans, sem orsakaðist af því að jöklar úr þverðölum létu fyrir í minni pokann í hlýindum en meginjökullinn.
2. Á hinn bóginn má líka hugsa sér að eftir að meginjökull ísaldarinnar hafði hopað alllangt inn til lands hafið komið kuldakast sem orsakaði framskið jökulsins á ný. Mikil skiðjökulstunga hafi þá skiðið út Hérað og sveigt fyrir mynni þverdalanna sem þá voru jökullausir eða jökullitlir.

Höfundar þessa rits aðhyllast seinni tilgátuna enda mæla fleiri atriði með henni en þeirri fyrrnefndu eins og brátt verður vikið að.



Mynd 5: Hérað og Jökuldalur – laus jarðlög

SKÝRINGAR:	
	Áreyrar
	Grónar eyrar
	Jökulruðningur
	Pelaurð
	Fjörusandur
	Jökulgarður
	Setlagahjallar og hjallahæð
	Berghlaup
	Fornar vatnsrásir 1. grafín í berg, 2. grafín í set
	Lind
	Vatnsból og lögn
	Jökulrákir a. eldri, b. yngri
	Vatn hverfur í jörð
	Borhola

F-20066

Tafla 2: Skýringar við kort / mynd 5

Jökulrákir á Smjörfjöllum sýna, að þar hefur setið sjálfstæð jökulhetta á ísöld eða í ísaldarlok, sem sent hefur skriðjökla til beggja handa niður í Jökulsárhlíð og Vopnafjörð (Kristján Sæmundsson, 1977).

Jökulgarðar og jökulruðningur eru algengir á Héraði og í nærsveitum þess, eins og sést á kortinu (mynd 5). Ruðningur og garðar sem tilheyra jökli þeim sem grófu eldra rákakerfið eru tiltölulega fáséðir. Skallamelur og Fagrahlíð í Jökulsárhlíð eru þó líklega afurðir þessara jökla en þetta eru miklar jökulurðaröldur (drumlins) svo og jökulgarðar á Egilsstaðahálsi. Aðalruðningsgarðar þeirra munu þó liggja á sjávarbotni úti í hafsauga.

Jökulgarðar og aðrar jaðarmyndanir sem virðast tilheyra jökli þeim sem gróf yngra rákakerfið, og verður hér á eftir nefndur Héraðsjökull, gefa athyglisverðar upplýsingar um útbreiðslu hans. Sleðbrjótsmóar og Krókavatnssvæðið eru stórbrotnar jaðarmyndanir, sem vart verða skýrðar á annan hátt, en að þar hefi jökulrönd legið um langt skeið og mikil jökulvötn brotist fram og jökulhlaup. Setlagafylla þessi, sem

að mestu liggur vestan Jökulsár, nær allt frá Kaldá og inn undir Surtsstaði. Ysti hluti hennar er forn framburðarkeila Kaldár, sem virðist hafa myndast við sjávarborð 30 til 40 m hærra en nú. Þar innan við taka við flatir þurrlandismóar. Undir ½ til 1 m þykku jarðvegslagi er gróf en þvegin ármöl.

Við Sleðbrjót verður breyting á útliti setfyllunnar. Í stað hins tiltölulega slétta yfirborðs kemur kraðak af hryggjum og sundum, hjallastubbum og kötlum, þar sem standa uppi smávötn. Efnid er afar gróft og verður því grófara, sem nær dregur Surtsstöðum. Steinar, um ½ tonn að þyngd og vel ávalaðir eru algengir. Setfyllan endar allskyndilega skammt utan Surtsstaða. Þó er svo að sjá, að einhvers konar framhald þessarar myndunar sé austan Jökulsár, utan við Litla Bakka. Sú flækja af ásum, hjöllum, rásam og dauðiskötlum sem mótar landslagið innan við Sleðbrjót, virðist ekki geta verið mynduð annars staðar en við jökulsporð, þar sem geysileg jökulhlaup beljuðu fram. Athugun leiðir líka í ljós, að jökullónastæði eru ekki langt undan svo sem síðar verður að vikið. Við Litla Bakka eru í framhaldi af þessu seti jökulgarðasyrpu, fremur lágar og ógreinilegar, og verður þeirra vart allt að Stóra Bakka. Garðarnir liggja þvert á yngra jökulrispukerfið. Hér virðast komnir endagarðar Héraðsjökuls, geysi mikils skriðjökuls sem gengið hefur út Fljótsdalshérað, og hefur hann skotið vestara barði sínum yfir Heiðarendann og fyrir Jökuldalsmynnið og lokað dalnum.

Þá vaknar sú spurning, hvort ekki séu einhver ummerki eftir þetta jökulhaft ofar í dalnum, við efri jaðar þess. Jökulrispur yngra kerfisins stefna æ meira þversum á dalinn, eftir því sem ofar dregur og á Heiðarendandum ofan við Hrutshamarssel hafa þær stefnu inn á dal. Skammt þar innan við er komið í feikimikla urðarhauga sem sjá má beggja vegna ár og nefnast Giljahólar að austan og Hauksstaðamelar að vestan.

Miklar líkur eru á því, að hólur þessir séu verksummerki jökulsins úr Fljótsdalshéraði. Þeir eru þó um margt einkennilegir og alls ekki einhlítir jökulruðningshaugar. Efnisgerð þeirra er óregluleg eða ekki lagskipt, sandur og mól og allt upp í hnullungssteina. Allt er efnid vel núid og skolað, þar sem til sést. Athyglisvert er, að hólarnir austan og vestan ár standast ekki á. Vera má, að það stafi að nokkru leyti af því, að Jökulsá hefur sorfið hólana á misvíxl. Það er einnig eftirtektarvert, að innsti hluti Giljahóla og þá sérstaklega innsti hluti Hauksstaðahóla líkjast mest malarásam. Ásar sem þessir verða til undir jökulsporði og hljóta því að vera myndaðir í jökli sem komið hefur innan að, en ekki utan að, eins og Héraðsjökull. Sú tilgáta er því sett fram hér, að hólarnir séu myndaðir í klemmu milli Héraðsjökuls og jökuls sem skriðið hefur út Jökuldal.


Það er ljóst, að bæði á framgangsstigi þessara jökla og svo á hörfunarskeiði þeirra, hefur myndast allmikið jökullón í Jökuldalskjaftinum. Trúlegt er, að þaðan séu komin hlaup þau, sem merki eru um á Sleðbrjótismómum.

Á svæðinu umhverfis Lagarfoss er allmikið um laus jarðlög og setfyllingar. Haukur Tómasson og Guttormur Sigbjarnarson (1971) kortlögðu hluta þess svæðis um 1970. Við fossinn eru fornar óseyrarmyndanir í 25-30 m.y.s. Út á móts við Dratthalastaði mótar fyrir gamalli strandlínu í 38 m.y.s. en þar norður af má á allstóru svæði vestan fljóts, þar sem heita Geirastaðamóar, sjá syrpu af lakkandi strandlínum sem nær niður á Héraðssand við Geirastaðakvísl.

Rétt sunnan við bæinn að Ekru skýtur hálfkaffærður jökulgarður kollinum upp úr þessum setlögum. Hér virðist kominn endagarður Héraðsjökulsins. Það virðist nokkuð ljóst að

sporður þessa jökuls hafi legið frá Sleðbrjótismóum þvert yfir Héraðið norðan Lagarfoss og upp að undirhlíðum Dyrfjalla. Verksummerki hærra sjávarborðs sjást víða um Hérað sem sjávarleir og fornir marbakkar og á einum stað við Selfljót hafa fundist skeljar í 10 til 15 m hæð yfir sjávarmáli, 15 km inn til lands (Guttormur Sigbjarnarson, munnlegar uppl.).

Mælingar á hæð fornra sjávarhjalla á Héraði gefa markverðar niðurstöður um hreyfingar sjávarborðsins og landrисиð á síðjökultíma og einnig nokkra hugmynd um aldur hjallanna.



Tafla 3: Strandlínur á Héraði og í Jökulsárhlíð

Tafla 3 sýnir hæð hjalla á ýmsum stöðum, allt frá sjó og inn að Múla í Fljótsdal. Þar kemur í ljós, að hjallahæðir utan við Sleðbrjót og Lagarfoss eru nokkuð jafnar, tæpir 40 m. Við Lagarfoss verður skyndileg lækkun á hjöllumum niður í 25-30 m en síðan fara þeir nokkuð jafnt hækkandi inn með fljóti og allt upp í 70 m við Bessastaðaá. Við Valbjófsstað og í Múlanum detta þeir niður í 50 m, en hækka þaðan jafnt og þétt í 100 m við Þuridarstaði í Norðurdal. Í Suðurdal eru engir hjallar. Víða eru hjallarnir marg-

faldir. Haukur Tómasson (1971) vildi skýra þessa hjalla þannig, að jökull einhvers staðar frá, hefði stíflað Lagarfljót niður undir Lagarfossi og valdið vatnsborðshækkuninni. Hluta þessara hjalla vildi hann einnig skýra með breytingum í fossbrún Lagarfoss.

Þessar tilgátur fá ekki staðist. Eftirfarandi skýring á hjallahæðunum er sennilegri: Hæsta sjávarstaða á Héraði á síðjökultíma var tæpir 40 m yfir sjávarmáli. Þá mynduðust hjallar í þeirri hæð við Skallamel og Kaldá í Jökulsárhlíð, og við Lagarfljót neðan við Lagarfoss. Á sama tíma og sjór stóð við sín hæstu mörk var Héraðsjökull í hámarki og teygði sporð sinn í sjó við Sleðbrjót og Lagarfoss. Jökullinn fór ekki að hopa af þessum slóðum fyrr en allöngu eftir hæstu sjávarstöðu eða ekki fyrr en sjávarmál var komið niður fyrir 20 m yfir sjávarmál því hjallar við Lagarfljót benda til þess að fossbrún Lagarfoss ráði að mestu hjallahæðum í Fljótsdal en hún hefur að líkindum verið litlu hærri í ísaldarlokin en hún er nú. Hækkun þeirra inn til landsins stafar af því að landssigið inni á Fljótsdal var mun meira, en út við strönd, vegna mismikils jökulfargs. Hin snögga lækkun hjallanna í Norðurdalsmynninu stafar annað hvort af því, að jökullinn hefur hvílt sig þar um stund á flóttanum, eða að seinni tíma jöklar hafi þar átt hlut að máli. Hjallinn í Múlanum er endir á fornri dalþyllingu í Norðurdal, sem rekja má upp í 100 m yfir sjávarmál við Þuridarstaði.

Það er nokkuð ljóst að á síðjökultíma hefur Lagarfljót náð mun lengra inn en nú, eða í mynni Norðurdals og vel inn í Suðurdal. Þar sem hjallar eru margfaldir, virðist oftast eðlilegast að skýra hin neðri þrep þeirra, sem rofhjalla, sem mynduðust, þegar vatnsborð fljótsins tók að lækka að núverandi mörkum og ár og lækir grófu sig á samsvarandi hátt niður í framburðarþyllur sínar. Af því sem sagt hefur verið hér á undan má ráða að um

svipað leyti og sjór stóð við sín efstu mörk fyrir Austurlandi, hafi feikna mikill skriðjökull legið á Fljótsdalshéraði og teygt sig í sjó út við Lagarfoss.

Athyglisvert er að annars staðar á Austurlandi er svo að sjá að jöklar daljöklastigsins séu mjög teknir að dragast saman á þeim tíma sem sjór er við sín efstu mörk. Líklegasta skýringin á þessu er sú, að sjór hafi náð sínum efstu mörkum í lok daljöklastigsins eftir að loftslag var tekið að hlýna á ný og smærri jöklar farnir að hopa en hinir stærri og svifaseinni sátu enn við sín ystu mörk.

Ísöldinni virðist ekki hafa verið lokið, þótt Héraðsjökull hopaði og hyrfi af sjónarsviðinu. Enn eitt kuldaskið reið yfir og ísaldarjöklarnir tóku fjörbrot sín. Nú birtist jökulframrásin ekki sem framgangur meginjökla, heldur sem mikill vöxtur í fjalljökulum og skálarjökulum og þeir senda skriðjökultungur sínar niður í láglandið. Ein slík jökultunga hefur komið af Fljótsdalsheiðinni og teygt sig niður í Löginn við Hrafnsgarði. Inn allan Skriðdal eru jökulgarðasýrpur sem virðast vera frá þessum tíma. Í Eyvindarárdal, nokkru innan við ármótin við Fagradalsá eru jökulgarðar, en undir þá virðast lónahjallarnir fyrnefndu hverfa. Úr mynni Fagradals gengur jökulgarður niður í Eyvindarárdal. Hvorir tveggja þessir garðar munu myndaðir á smájöklasheiðinu.

Hátt í fjallinu (460 m yfir sjávarmál) fyrir ofan Landsenda er smáskál og niður frá henni teygja sig urðartungur og jaðargarðar niður að Hellisá þar sem hún fellur af Hellisheiðinni. Hér eru dæmigerð ummerki eftir lítinn skálarjökul.

Inn á Jökuldal eru víða merki um þetta smájöklastig. Í kring um Hofteig er geysilegt magn af jökulruðningi. Um þetta hefur Benedikt Gíslason frá Hofteigi skrifað: “Andleg stórmerki er á Hofteigslandi um ísaldaráhrif á yfirborði landins og sker myndríkt í huga, svo sem í Seldal og í Krókum. Og þó mest, að á Aurunum er röst af stóreflisbjörgum og slóðina má rekja norður að Sandfellshorni, þau standa þar í fylkingu rosalega svört af geitaskóf. Hvaðan ísöldin bar þau er óráðin gáta.” (Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, s. 256). Lausn gátunnar mun vera sú að á smájöklastigi ísaldarlokanna skriðu jöklar af Fljótsdalsheiði út Hnefilsdal og Húsárdal og gengu sameinaðir þvert yfir Jökuldal og upp í hlíðina milli Svelgsár og Staðarár. Vafalítið hefur jökultunga þessi stemmt uppi lón fyrir ofan sig í dalnum sem hugsanlegt er að hafi náð allt inn undir Gilsá. Vera má að eigna megi eitthvað af hinum grófa og ójafna framburði í hjöllum inn af Gilja- og Haukstaðahólum jökulhlaupum úr þessu lóni.

Ummerki eru eftir litla jökultungu, sem komið hefur af Jökuldalsheiði niður með Ysta-Rjúkandi og aðra meiri niður með Gilsá.

Jökulruðningurinn við Gilsá er reyndar kennslubókardæmi um vegsummerki þessara smájökla því bæði er hann formfagur og auk þess fæst hið besta þversnið í jarðlögin í Gilsárgili neðan við brúna.

Í námunda við Hákonarstaði og Eiríksstaði eru ennfremur merki smájökla, en þau hafa ekkert verið skoðuð. Allir virðast þessir jöklar hafa gengið út á þykka setlagafyllu í Jökuldalnum. E.t.v. á sú fylla rót sína að rekja til jökullóns sem Héraðsjökullinn stemmdi uppi í dalnum á sínum tíma.

Það verður að teljast líklegt, að á smájöklastiginu hafi stórir meginjöklar setið á Miðhálandinu. Rannsóknir á því falla þó utan þess ramma sem skýrslunni er markaður. Það mál verður því ekki gert að umtalsefni hér.

Ekki má á milli sjá hvort meira hefur myndast af lausum jarðlögum á Héraði og nærsveitum þess á síðjökultíma eða nútíma.

Héraðssandur mun að megninu til vera myndaður á nútíma, af framburði Jöklu. Lagarfljót á lítinn þátt í myndun sandsins. Framburður þess sest að mestu strax inni í Fljótsdal. Enn minni hlut eiga þau að máli Fögruhlíðará og Selfljót.

Efni sandsins er af þrennum toga. Í fyrsta lagi jökulgormur kominn úr Vatnajökli. Í öðru lagi endurflutt set sem áin var búin að setja af sér í jökullónum og vötnum upp um allan Jökuldal, svo og jökulruðningur í dalnum. Í þriðja lagi efni sem áin hefur rofið úr berginu í farvegi sínum þar sem hún hefur verið að mynda gil og gljúfur en við það hefur hún verið ötul.

Næst mesta setfylling á Héraði er fyrir botni Lagarfljóts þar sem Jökulsá, Kelduá, Bessastaðaá, Hengifossá og Gilsá hafa allar lagst á eitt og myndað mikla dalfyllingu. Fylling þessi nær inn í Norðurdalsmynni og langt inn í Suðurdal.

Árið 1966 var borað í gegn um dalfyllinguna við Jökulsá hjá Gilsárósum. Þar reyndist setlagapykktin vera 132 m. Í efstu 100 metrunum skiptast á fínn og grófur sandur með gróðurleifum á stöku stað. Frá 100 m og niður úr er leirborinn sandur með miklum gróðurleifum. Gróðurleifar þessar hljóta að vera aðfluttar og hafa borist með vatni og vindum og sest til í kyrru vatni (Jón Jónsson, 1967).

Dalfyllingin við Gilsá virðist hafa hlaðist upp á tiltölulega skömmum tíma. Hinar miklu gróðurleifar í neðsta hluta borkjarnans og það hvað þær fara minnkandi upp á við, benda til þess að upphleðsla setsins hafi ekki hafist fyrr en eftir að land var orðið vel gróið. Upphleðslan virðist einnig hafa verið hæg til að byrja með en aukist að mun á seinni tímum.

Þetta kann sumum að finnast skrítið, því vitað er, að framburðargeta og framburðarmagn vatnsfalla var í hámarki á síðjökultíma og í byrjun nútíma meðan jökla var að leysa af landinu. En hér ber að hafa í huga, að á síðjökultíma og framan af nútíma voru ósar Jökulsár og Kelduár miklu innar en þeir eru í dag og megin framburðurinn var að setjast til þar. Síðan hafa ósarnir smám saman færst út dalinn og það var ekki fyrr en þeir voru komnir niður undir Gilsá að setmyndunin fór að aukast verulega á þeim slóðum.

Jón Jónsson jarðfræðingur (1967) skrifaði skýrslu um borunina hjá Gilsárósum. Þar bendir hann á að athyglisvert sé að ekki verði vart sjávarsets í holunni. Jón segir einnig að hann hafi talið hugsanlegt að í dýpsta hluta Lagarins væri innilokaður sjór frá því í ísaldarlok, en athugun hafi þó leitt í ljós að svo væri ei. Jón telur réttilega líklegustu skýringuna á þessu þá, að skriðjökull hafi varnað sjónum inngöngu á Hérað.

4.1.2. Berghlaup og skriður

Ólafur Jónsson lýsir í sinni ágætu bók Berghlaup tíu berghlaupum á Héraði og í nærsveitum þess. Þetta er þó hvergi nærri tæmandi upptalning, því oss er kunnugt um 37 hlaup á þessu svæði (tafla 4).

Nafn og staður	Fallhæð (m)	Hlauplengd (m)	Flatarmál (km ²)	Aths.
Landsendafjall, Landsendi	240	700	0,26	
Landsendafjall, Hellisheiði	300	1250	0,47	
Smáhlaup sunnan Hellisár	120	350	0,06	
Hörgárdalur	550	3900	1,5	
Berghlaup fast sunnan Hörgárdals	450	1000	0,69	
Torfastaðamelar	700	2850	6,0	
Gerðisbjarg innri hlið	300	750	0,25	
Gerðisbjarg ytri hlið	240	750	0,5	
Sóleyjarbotnar + urðir	450 (550)	1300 (1500)	0,7 (1,0)	Ó.J.
Hlaup utan Sóleyjarbotna	200	800	0,25	
Víðivallaurð	200	600	0,1	Ó.J.
Hallormsstaðabjarg	500	2000	2,2 (3,5)	Ó.J.
Stóribotn og Grafarbotn	380	1000	1,0	
Berghlaup utan Geitdalshjalla	340	800	0,2	
Geitadalshjallar	340	750	0,8	
Hátún	150	800	0,2	
Hlaup utan og ofan við Hátún	220	500	0,25	
Hlaup úr Þingmúla gegnt Þorvaldsstöðum	360	800	0,25	
Múlasterkshraun	400	1600	1,7	Ó.J.
Húsahjalli	350	750	0,2	
Kista og Hnútuhyllar	250	750	1,0	
Haugahólar	700 (640)	3000	3,6 (5,0)	Ó.J.
Hlaup úr Stuttadalsmynni	850 (700)	3500 (2500)	2,9	Ó.J. 2 hlaup
Hjálpleysuhólar (Jarðfallshólar)	600 (400)	3800 (1400)	2,5 (1,2)	Ó.J.
Grjótárbotnar	500 (400)	2200 (1600)	1,3 (2,0)	Ó.J.
Efri skálin í Arngerðishálsi	280 (500)	750 (7500)	0,4	Ó.J.
Smáhlaup í Arngerðishálsi	?	?	?	
Skollakvíar	170	460	0,09	Ó.J.
Hlaup úr Skagafelli á miðjum Fagradal	540	1300	0,7	
Hlaup í Fagradalsmynni	400	1200	0,7	
Smáhlaup í Slenjudalsmynni	?	?	?	Ekki skoðað
Smáhlaup í Slenjudalsmynni	100	150	0,02	
Hlaup milli Innri- og Ytri-Grjótár, Eyvindardal	300	1000	0,5	
Smáhlaup utan Ytri-Grjótár	?	?	?	Ekki skoðað
Smáhlaup utan Þuríðarstaða	?	?	?	Ekki skoðað
Hlaup	250	800	0,5	
Hlaup hjá Unaósi	250	750	0,3	

Tafla 4: Berghlaup á Héraði og í nærsveitum þess

Tölur í svigum eru mælingar Ólafs Jónssonar, þar sem þeim ber ekki saman við höfunda.

Samanlagt flatarmál þessara berghlaupa er um 32 km². Rúmtak þeirra er óþekkt en 0,5 km³ er sennileg tala. Það táknar 16 m meðalþykkt hlaupurðar. 8 berghlaupsurðir, eða tæpur fjórðungur allra hlaupanna, er yfir 1 km², en það er svipað hlutfall og á landinu öllu skv. Ólafi Jónssyni (1976). Ólafur lýsir ekki Torfastaðamelum í bók sinni og virðist því ekki hafa verið kunnugt um þá. Borið saman við berghlaupaskrá Ólafs eru Torfastaðamelar þriðja stærsta framhlaup landsins 6,8 km². Aðeins hin frægu hlaup Loðmundarskriður og Vatnsdalshólar taka þeim fram.

Haugahólar eru “eitt veglegasta framhlaup á Austurlandi” segir Hjörleifur Guttormsson (1974) í austurlandslýsingu sinni og eru það orð að sönnu. Margir hafa skrifað um hólana m.a. Sveinn Pálsson (Ferðabók), Þorvaldur Thoroddsen (Ferðabók) og Ólafur Jónsson (Skriðuföll og snjóflóð, Berghlaup). Gerir sá síðastnefndi hlaupinu ítarlegust skil sem vænta mátti og verður ekki um það bætt hér. Ólafur getur þess, að berglaup hafi orðið úr Hallbjarnarstaðatindi í mynni Stuttadals og e.t.v. skarist urðir þessara hlaupa utan við Hauga. Hér er því við að bæta, að oss virðist sem tvö hlaup hafi orðið úr Hallbjarnarstaðatindi og að þrjár misgamlar berghlaupaurðir fléttist saman í nánd við Hauga.

Berghlaupin úr Hallbjarnarstaðatindi hafa brotnað úr suðvestur horni fjallsins og fallið niður í mynni Stuttadals, sem er lítil dalskora út og upp af Haugum. Bæði hafa hlaupin kastast að hluta til yfir Stuttadalshálsinn, niður í Skriðdal og yfir um Múlaá. Hlaupurð eldra hlaupsins er að mestu hulin yngri urðinni í hálsinum. Þó gætu hinir grasi grónu hólar í Haugatúni og undir bænum verið úr eldra hlaupinu. Þá urð virðist mega rekja allt yfir að Lambhaga handan Múlaár. Urðarhólar þessir sýnast eldri en Haugahólar. Yngra hlaupið hefur sprungið úr Hallbjarnarstaðatindi fast innan við brotsár eldra hlaupsins. Brotsár þess er lítt veðrað og afar ferskt. Urðin neðan undir brotinu er snarbrött, ógróin að mestu og ungleg. Hún hefur slengst niður í dalbotninn og upp í andbrekkuna hinu megin og töluverður hluti hennar komist yfir Stuttadalsháls og sveigt niður í Skriðdal, yfir Múlaá og að fjallsrótunum handan hennar. Breidd hlaupurðarinnar er víðast hvar 700-800 m en hlauplengdin 3 km. Stökkið yfir hálsinn er 100 m þar sem hæst er. Urðin hefur stíflað Haugaána (Stuttadalsá á korti) um skeið og innan við hana er þurr skriðuorpinn vatnsbotn á dalnum. Niðri í Skriðdal leggst hún yfir norðurjaðar Haugahólahlaupsins. Aldursröð umræddra berghlaupa í Skriðdal er því sem hér segir: Elst er eldra hlaupið úr Hallbjarnarstaðatindi. Þá koma Haugahólar en yngst er yngra hlaupið úr Hallbjarnarstaðatindi.

Í Landnámu og Hrafnkelssögu er sagt frá skriðuhlaupi miklu í Skriðdal. Allir sem um málið hafa fjallað hafa talið að þar myndi átt við Haugahóla og margir dregið þá ályktun að þeir hafi hlaupið fram á sögulegum tíma. Ólafur Jónsson telur þó að hlaupið sé forsögulegt en sögnin um það sýni næman skilning fornanna á náttúrunni og gleggri skilning en síðar varð á þessu fyrirbæri. Má í því sambandi minnst þess að sá mikli brautryðjandi í íslenskri jarðfræði, Þorvaldur Thoroddsen, taldi hólana jökulgarða. Ekki skal lagður á það dómur hvort skriðuhlaup það í Skriðdal sem sagt er frá í fornritunum, og dalurinn er kenndur við, hafi orðið á sögulegum tíma eða ekki. En eigi sögnin við rök að styðjast á hún frekar við yngra hlaupið úr Hallbjarnarstaðatindi en Haugahóla.

4.1.3. Vatnafar

Um vatnafar á Héraði og nærsveitum þess verður ekki farið jafnmörgum orðum og um jarðfræðina. Þau jarðlög sem mest vatn innihalda á þessu svæði eru framburðarfyllur ána þ.e.a.s. Héraðssandur, nesið milli Rangár og Dagverðargerðis, Egilsstaðanes og Finnsstaðaflói, Vallanes, Bessastaðanes og dalfyllingin inn af Lagarfljóti.

Rafmagnsveitur ríkisins létu fyrir nokkrum árum gera smávægilegar athuganir á vatnafræðilegum eiginleikum þessara árósfyllinga. Þar var reynt að varpa ljósi á hvaða áhrif vatnsborðshækkunar í Lagarfljóti hefðu á jarðvatnsaðstæðurnar. (Árni Hjartarson & Guttormur Sigbjarnarson, 1977, Árni Hjartarson & Freysteinn Sigurðsson, 1979). Í ljós kom að jarðlögin eru all vel vatnsleiðandi og reyndist lekt þeirra vera $10^{-3} - 10^{-4}$ m/s. Þetta táknar að ef í það færi mætti vafalítið ná all miklu grunnvatni upp úr árósamyndunum þessum með brunnnum og borholum. Egilsstaðir og Hlaðir afla neysluvatns síns með þessum hætti úr framburðarseti Eyvindarár.

Vatnsmestu lindir þessara héraða eru tengdar berghlaupum. Í Landsendafjalli upp af ósum Fögruhlíðar er all sérkennilegt framhlaup. Hlaupskálin er í 100-300 m hæð. Bergfyllan hefur ekki náð að hlaupa fram úr henni en situr uppbrotin í skálinni í þverhryggjótum gördum. Hún er öll úr ljósgrýti, all vel gróin. Miklar lindir koma undan framjæðri urðarinnar og mynda nokkra læki. Ysta lindin er lang stærst en úr henni kemur helmingur alls vatnsins sem undan hlaupinu sprettur. Lindir þessar voru skoðaðar 11.7.'78 og aftur 9.8.'79. Í bæði skiptin var lindarennslíð um 70 l/s og vatnshiti um 3 °C.

Í því mikla berghlaupi Torfastaðamelum eru lindir hér og þar en þær hafa lítt verið skoðaðar. Neðarlega í hlaupinu eru engar stórar lindir en hugsanlegt er að vænar lindir finnist í því uppi undir brotaskálinni.

Í Haugahólum í Skriðdal er ein stærsta berghlaups lind Austurlands. Hún kemur upp rétt neðan þjóðvegarsins tæpan kílómetra innan við Hauga. Uppsprettaugun koma fram á um 50 m löngum kafla í langri sveigmyndaðri laut í berghlaupsurðinni, sem virðist vera gamall árfarvegur. Þegar lítið er í lindinni dregst lindasvæðið saman því efstu augun þorna. Frá lindinni rennur Haugakvísl. “Á henni festir aldrei ís eða snjó og rennslíð jafnt og óháð veðurfari. Vatnið er einstaklega hreint og svalandi, og hafa ýmsir það fyrir reglu að bergja á því, er þeir eiga leið um þjóðveginn. Víst er um það, að margur drekkur það er síður skyldi.” Svo segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. Á sama stað er þess getið að Haugakvísl sé 150-200 l/s að stærð, sem líklega er ekki fjarri lagi en þó frekar of hátt metið en hitt. Kvíslin er 600-700 m löng en sameinast Múlaá skammt innan við Hauga. Líklegast er að vatnið í lindinni sé ættað ofan úr Haugafjalli. Tjarnir eru þar upp í urðinni, en engir lækir falla niður hlíðarnar svo sú úrkoma sem á fjallið fellur, streymir af því neðanjarðar.

Lindir koma á nokkrum stöðum úr urðinni upp með Haugaá. Stærstu lindirnar eru norðan árinna uppi í mynni Stuttadals. Fjöldi smátjarna er í framhlaupsurðunum kringum Hauga. Stærstu tjarnirnar eru Haugavötn en það eru tvær samtengdar tjarnir utan við Hauga. Dálítill lækur (10 l/s) rennur frá þeim í Múlaá og í þeim er allmikill silungur.

Í ritum frá Vatnamælingum Orkustofnunar kemur fram að tvær ár á Héraði hafa á sér smávægileg lindaréinkenni en það eru Gilsá úr Hjálpleysu og Eyvindará. Berghlaupið Jarðfallshólar hefur fallið fyrir mynni Hjálpleysudals og stemmir uppi smá vatn, Hjálpleysuvatn, bak við sig. Vatnið hefur eitt sinn verið mun stærra en það er í dag og það

minnkar jafnt og þétt vegna framburðar Gilsár, auk þess sem hún er að ræsa það fram með því að smá dýpka farveg sinn í gegn um berghlaupshólana. Lindaréinkenni Gilsár stafa sennilega af því að áin fær miðlun bæði úr vatninu og líparítblöndnum áreyrunum innan við það, auk þess sem lindir í berghlaupinu koma við sögu. Rennsli árinna verður því mun jafnara en dragáanna í nágrenninu. Ekki er hún þó stöðugri en það, að hún á það til að þorna alveg.

Eyvindará státar ekki af neinni sambærilegri miðlun og Gilsá og mun full ástæða til að endurskoða lindaréinkunnina sem henni er gefin í ritum Vatnamælinga.

Landssvæðin upp með Jökulsá á Fjöllum ofan Skarðsár munu teljast til Jökuldalshrepps. Jarðlög á þeim slóðum eru ung enda er þar komið í útjaðar eldgosabeltisins. Jarðlög þessi eru einnig vel lek og spretta þar víða fram fallegar lindir sem fóstora gróðurvinjar í öræfaauðninni.

Í skýrslunni Vatnabúskapur Austurlands I héldum vér því fram að Hvannalindir væru vatnsmestu lindir fjórðungsins. Þetta er ekki rétt. Hvannalindir hafa aðeins einu sinni verið mældar og reyndust þá vera 844 l/s (þ.e.a.s. Hvannalindá niðri við ármótin við Kreppu).

Í sama skipti voru mældar lindir í austurbakka Jökulsár gegnt Vaðöldu. Samtals komu þar fram um 1750 l/s úr nokkrum lindum á um 5 km kafla meðfram ánni. Stærsti lindalækurinn var um 1000 l/s (Guttormur Sigbjarnarson o.fl., 1971).

Af öðrum vatnsríkum lindasvæðum á þessum slóðum má nefna Þorlákslindir efri, um 400 l/s og Hvannalindir neðri, nyrst í Krepputungu, 400 l/s.

Stærsta lindasvæðið sem oss er kunnugt í Austurlandskjördæmi er við Dyngju í Arnardal. Þar spretta fram á litlum bletti um 2000 l/s af 6 °C heitu vatni (skv. mælingu 3. júlí 1980). Vatnið fellur í Arnardalsá og þaðan í Jökulsá á Fjöllum.

Lindir þær sem hér hafa verið nefndar eru allar fjarri byggð. Hagnýtt gildi öðlast þær vart fyrr en með hugsanlegri virkjun Jökulsár.

5. MIKILVÆGAR STAÐSETNINGAR

Staðar- heiti	Landfræðileg hnit (Hjörsey)				Lamberthnit (Ísnet93)		Gæði hnita
	Gr. N	Mín. N	Gr. V	Mín. V	X	Y	
Fyrirhugað stíflustæði	65°	20,741'	14°	26,581'	712026	546155	-
Fyrirhugaður kvarðastaður	65°	20,659'	14°	26,443'	712144	546010	+
Bærinn Skógargerði	65°	20,606'	14°	25,258'	713069	545978	0

Gæði hnita: + : GPS-staðsetningarpunktur
 0 : Nákvæmt af korti (50-100 m óvissa)
 - : Ónákvæmt af korti (> 100 m óvissa)

Tafla 5: Mikilvægar staðsetningar við Rangá

6. LJÓSMYNDIR FRÁ SKOÐUNARFERÐ 14. NÓV. 2002



Mynd 6: Gamla rafstöðin



Mynd 7: Gamla stíflan (ónýt)



Mynd 8: Gamla stíflan (ónýt)



Mynd 9: Gamla stíflan (ónýt)



Mynd 10: Gamla stíflan (ónýt)



Mynd 11: Gamla stíflan (ónýt)



Mynd 12: Mælistaður



Mynd 13: Fyrirhugað stíflustæði

7. FRUMATHUGUN Á VIRKJUN Í RANGÁ Í HRÓARSTUNGU

7.1. Inngangur

Efni þessa kafla er frumathugun á hagkvæmni smávirkjunar í Rangá í Hróarstungu. Í frumathugun felst að kannaðir eru helstu þættir sem skipta máli fyrir það hvort grundvöllur er fyrir byggingu virkjunar. Þau atriði sem afstaða var tekin til eru:

- Vatnsrennsli, vatnasvið, staðhættir, fyrirkomulag
- Uppsett afl, ráðstöfun orku
- Gróft mat á stofnkostnaði og hagkvæmni

Afl virkjunar fer eftir fallhæð og rennsli, en raforkuframleiðslan er háð því hvernig rennsli breytist yfir árið. Hagkvæmni virkjunarkosts ræðst af raforkuframleiðslu, rekstraröryggi og orkuverði en einnig stofnkostnaður, fjarlægð frá dreifikerfi og fleiri atriði hafa áhrif.


Mat á vatnsrennsli getur talist nokkuð nákvæmt, en fyrirkomulag virkjunar, uppsett afl og fallhæð verður að skoðast sem einungis gróf áætlun. Gert er ráð fyrir að orkan frá virkjuninni verði til eigin nota.

7.2. Fyrirliggjandi gögn

Rennsli Rangár hefur verið mælt alls fimm sinnum, þrisvar sinnum árið 1947, einu sinni árið 1950 og einu sinni árið 2000. Lægsta mælingin var gerð í mars 1950 nokkuð langt fyrir ofan staðsetningu fyrirhugaðrar virkjunar, reyndist rennslið um 75 l/s eða sem svarar til um 1,4 l/s·km². Flatarmál vatnasviðs Rangár við Þjóðveg er 129 km², en við fyrirhugað inntak er það 125 km².

Til þess að fá sæmilega glögga mynd af rennsli til hugsanlegrar virkjunar er nauðsynlegt að hafa upplýsingar um rennsli árinna í alllangan tíma, oft er talað um a.m.k. 2 ár. Þar sem upplýsingar vantar er stundum hægt að yfirfæra mælingar í nálægri á og fæst þannig oft ágætt mat á líklegu rennsli. Forsenda fyrir því að þetta gangi er að vatnasviðin séu vatnafræðilega lík og að úrkomumagn sé svipað. Miðhúsaá við Egilsstaði er næsta vatnsfall við Rangá sem hefur verið mælt samfellt um nokkurt skeið. Miðhúsaá rennur af jarðfræðilega nokkuð áþekku svæði og Rangá, þótt vatnasvið Rangár sé reyndar flatlendara. Úrkomumagn er sennilega nokkuð áþekkt, og því var ákveðið að nota Miðhúsaá til samanburðar.


Mynd 14 sýnir langæislínur afrennslis Miðhúsaár. Það eru u.þ.b. helmings líkur á að afrennslið lendi fyrir ofan eða neðan rauðu heildregnu línuna eitthvert tiltekið vatnsár, og það má gera ráð fyrir að afrennslið lendi fyrir utan rauðu strikalínurnar einu sinni á tuttugu ára fresti að meðaltali. Afrennsli verður venjulega lægst seinni hluta vetrar, fer að jafnaði niður í um 2,8 l/s·km², en niður í 1,1 l/s·km² í mestu þurrkum. Skv. þessu eru líkur á að lægsta rennsli Rangár við inntak fyrirhugaðrar virkjunar sé um 390 l/s í meðalári, en fari niður í um 150 l/s í þurrum árum. Þetta virðist vera í ágætu samræmi við rennslismælingarnar sem gerðar hafa verið í Rangá.



Mynd 14: Langæislína Miðhúsaár, vhm 47. Afrennsli skv. mælingum 1949 – 1989

7.3. Fyrirkomulag virkjunar

Mynd 15 sýnir tillögu að fyrirkomulagi virkjunar í Rangá. Gert er ráð fyrir að inntaksmannvirki yrði reist í um 40 m y.s. Frá inntaki yrði vatn leitt u.þ.b. 500 – 600 m í lágprýstípu niður að stöðvarhúsi í um 27 m y.s. Gert er ráð fyrir að fallhæð yrði 12,7 m. Mikilvægt er að hanna inntak með þeim hætti að það haldist opið í frostum að vetri, en jafnframt að það stíflist ekki af aurburði í leysingum. Með þessu er komið í veg fyrir rekstrarerfiðleika sem tryggir að rekstrarkostnaður fer ekki úr böndum.



Mynd 15: Mögulegt fyrirkomulag virkjunar í Rangá

7.4. Uppsett afl og raforkuframleiðsla

Heppileg tilhögun á virkjun er að lágmarka þann tíma sem raforkuframleiðsla stöðvast vegna vatnsskorts. Þar sem ekki er gert ráð fyrir miðlun, er hönnunarrennsli ákveðið 393 l/s, og uppsett afl verður þá 35 kW. Með því að velja lægsta rennsli í meðalári sem hönnunarrennsli er tryggt að virkjunin vinni á fullum afköstum allan ársins hring í meðalári, en gert er ráð fyrir að framleiðslan geti dottið niður a.m.k. einn dag annað árið af hverjum tveimur til jafnaðar og allt upp í 30 daga eða meira í þurrustu vatnsárum. Við nánari útfærslu á virkjun þarf að taka afstöðu til þess hvaða hönnunarrennsli hámarkar hagkvæmni en tryggir jafnframt nauðsynlegt rekstraröryggi. Tafla 6 er yfirlit yfir raforkuframleiðsluna í meðalári og miklu þurrkaári.

hluti árs %	meðalár				þurr ár			
	rennsli m ³ /s	virkað rennsli m ³ /s	afl frá virkjun kW	raforku framleiðsla kWh	rennsli m ³ /s	virkað rennsli m ³ /s	afl frá virkjun kW	raforku framleiðsla kWh
0	61	0,39	35		33	0,39	35	
10	15	0,39	35	30597	9,3	0,39	35	30597
20	8,4	0,39	35	61194	5,5	0,39	35	61194
30	5,5	0,39	35	91791	3,7	0,39	35	91791
40	3,9	0,39	35	122388	2,7	0,39	35	122388
50	2,7	0,39	35	152985	1,9	0,39	35	152985
60	1,9	0,39	35	183582	1,3	0,39	35	183582
70	1,4	0,39	35	214178	0,86	0,39	35	214178
80	1,05	0,39	35	244775	0,57	0,39	35	244775
90	0,74	0,39	35	275372	0,37	0,37	33	275257
100	0,39	0,39	35	305969	0,15	0,15	13	295425

Tafla 6: Yfirlit yfir raforkuframleiðslu virkjunar í Rangá.

7.5. Hagkvæmni

Erfitt er að meta stofnkostnað virkjunar nákvæmlega, og hér er einungis reynt að fá mat á líklegri stærðargráðu með því að gera ráð fyrir um 0,15 - 0,20 Mkr/kW fyrir dæmigerða virkjun. Skv. þessu gæti kostnaður við byggingu 35 kW virkjunar í Rangá verið á bilinu 5,2 – 7,0 Mkr. Gert er ráð fyrir að hægt yrði að taka að láni 70% af stofnkostnaðinum, en afgangurinn yrði fjármagnaður með styrkjum og eigin framlagi virkjunaraðila, vinnu, tækjum o.fl. Ef vaxtastigið er 8% verður fjármagnskostnaður nálægt 0,3 – 0,4 Mkr/ár. Árlegur rekstrarkostnaður virkjunar gæti verið nálægt 2,5% af stofnkostnaði eða um 0,1 – 0,2 Mkr/ár. Framleiðslukostnaður á raforku yrði því líklega á bilinu 0,5 – 0,6 Mkr/ár eða á bilinu 1,4 – 1,9 kr/kWh. Tafla 7 er yfirlit yfir helstu kennistærðir virkjunar í Rangá.

7.6. Samantekt

Ofangreind athugun bendir til þess að það sé mögulegt að reisa 35 kW rennslisvirkjun í Rangá. Hönnunarrennslis er ákveðið 393 l/s og fallhæð er 12,7 m. Framleiðslu-kostnaður raforkunnar gæti verið á bilinu 1,4 – 1,9 kr/kWh m.v. gefnar forsendur. Virkjunarkosturinn virðist því vera hagkvæmur, svo fremi næg eftirspurn sé eftir raforkunni.

Flatarmál vatnasviðs		Stofnkostnaður	
Rangá við Þjóðveg	140 km ²	einingarverð	0,2 Mkr/kW
áætlað virkjað vatnasvið	140 km ²	stofnkostnaður K ₀	7,0 Mkr
Rennslisspá		Eigið framlag, styrkir etc. 30% af K ₀	2,1 Mkr
2Q100	0,393 m ³ /s	Lán	4,9 Mkr
20Q100	0,150 m ³ /s	Fjármagnskostnaður	
2Q95	0,616 m ³ /s	vaxtastig	8%
meðal	6,020 m ³ /s	lánstími	40 ár
mv. lægstu mælingu í Rangá	0,196 m ³ /s	jafngreiðslustuðull	0,084
Hönnunarrennslis virkjunar Q	0,393 m ³ /s	greiðslubyrði	0,4 Mkr/ár
Fallhæð		Rekstrarkostnaður	
hæð inntaks	40 m	2.5% af stofnkostnaði á ári	0,2 Mkr/ár
hæð frárennslis	27,3 m	Framleiðslukostnaður	
virkið fallhæð H	12,7 m		0,6 Mkr/ár
Uppsett afl			1,91 kr/kWh
P = 7*Q*H	35 kW		
hugmynd virkjunaraðila	kW		
Orkuframleiðsla			
hámark	305969 kWh/ár		
meðalár	305969 kWh/ár		
þurrt ár	295425 kWh/ár		

Tafla 7: Helstu kennistærðir virkjunar í Rangá.

8. HEIMILDIR

Árni Hjartarson, Freysteinn Sigurðsson og Þórólfur H. Hafstað, 1981: *Vatnsbúskapur Austurlands III, lokaskýrsla*. Unnið fyrir Samband sveitarfélaga á Austurlandi. Orkustofnun, Vatnsorkudeild, OS81006/VOD04, Reykjavík, 198 bls.

VGK Verkfræðistofa, 2003: *Litlar vatnsaflsvirkjanir. Kynning og leiðbeiningar um undirbúning*. Unnið fyrir Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Reykjavík, 106 bls.

VIÐAUKI I


Rangá; Fellahreppi

Þann 14. nóv. 2002 mæltum við (ÁG og GOG) okkur mót við Víking Gíslason og son hans, til að finna góðan stað fyrir kvarða eða sírita í Rangá helst nálægt þeim stað sem áin var virkjuð árið 1950.

Ekið var að gamla virkjunarstaðnum og gengið upp með ánni að fyrirhuguðum stað fyrir nýja stíflu. Víkingur, sem var ungur maður þegar faðir hans lé byggja virkjunina tjáði okkur meðal annars að virkjunina iðulega stöðvast í 1-2 daga, þegar ána fennti í kaf og kólnaði eftir hlýjindakafli.

Víkingur tók þátt í rennslismælingu með S.Rist árið 1950 og fannst honum eitthvað skrítið við mælinguna, hélt hann jafnvel að verið gæti að þeir hafi misst hluta vatnsins, en mikill snjór var þar sem mælt var. Vegna myrkurs tókst okkur ekki að finna góðan stað fyrir mæli en ÁG fór aftur á vettfang 17. nóv og fann þá góðan stað.

Góður staður fyrir kvarða er um 100 metrum ofan fyrirhugaðrar nýrrar stíflu, á milli tveggja fossa á hægri bakka árinna. Lóðréttur klettaveggur og klappir, sem myndar efri brún rúmlega 1 meters foss, en efri fossinn er tæplega 1 meters hár. **GPS-hnit: 65°20',659; 14°26',443.** Myndin hér að neðan er tekin neðan kvarðastaðar og ofan fyrirhugaðrar stíflu. Eins og vel sést á myndinni er áin auð á ráðandi þversniði, en á sama tíma var áin ísilögð og rennsli koltruflað neðar í ánni og langt niður fyrir brú.



Vatnshæðarmælingar á kvarða

Til að mæla vatnsborðsbreytingar í hyl eða lóni skal kvarða eða sírita komið fyrir við annan hvorn bakkann. Þegar velja skal stað fyrir kvarða eða sírita þarf að hafa nokkur atriði í huga. Gott er að setja mælistöðina á lygnan stað. Neðan mælistaðar þarf að vera svokallað ráðandi þversnið, yfirfall eða klöpp sem haggast ekki, en myndar nokkurs konar flúðir sem vatnið fellur um. Vatnshæðin við kvarðann eða siritann stjórnast þá af þessu ráðandi þversniði.

Ef setja á upp kvarða þarf að tryggja að hann hreyfist ekki. Gott er að festa staur með múrboltum í klöpp við bakkann eða bora fyrir járnörri í klöpp. Þegar gengið hefur verið frá staurnum, þannig að hann sé *lóðréttur*, er festur á hann kvarði. Vatnamælingar Orkustofnunar geta útvegað hentuga kvarða í þessu skyni. Ef lesið er af kvarða, má fá hjá Vatnamælingum Orkustofnunar hentuga bók til að fylla inn í. Þar er vatnshæð skráð ásamt *veðurlýsingu* og *athugasemdum*. Best er að lesa sem oftast af kvarða, *helst einu sinni á dag en ekki sjaldnar en tvisvar í viku*. Á vetrum geta skarir og grunnstingull ýkt vatnshæð og getur verið snúið að leiðrétta vatnshæðina fyrir slíku eftirá. *Því er nauðsynlegt að skrá í mælingabókina hvaða daga ís er í ánni*.

Einnig er nauðsynlegt að setja *fastmerki*, t.d. múrbolta, í klöpp nálægt kvarðanum og mæla inn hæðarmun á núllpunkti kvarða og fastmerkinu. Þennan hæðarmun þarf að *skrá vandlega og geyma* svo hægt sé að sannreyna síðar hvort hæðarmunurinn sé sá sami og áður. Einnig er alltaf hættu á að vatnsfallið geti rífið með sér kvarðann í flóðum og þá má nota fastmerkið til að stilla nýjan kvarða af í samræmi við þann gamla. Fastmerkið þarf að vera á öruggum stað þar sem t.d. ís í ánni nær ekki að skemma það.

Frekari leiðbeiningar og upplýsingar um smávirðjanir og rennslismælingar má nálgast á vefsíðu Orkustofnunar undir liðnum smávirðjanir (<http://www.os.is/smavirkjanir>). Þar eru meðal annars tenglar á *Leiðbeiningar um mælingar á vatnsrennsli í smáám og lækjum* og handbókina *Litlar vatnsaflsvirkjanir, kynning og leiðbeiningar um undirbúning*.

Samantekt og minnisatriði:

- Mælingamenn geta fengið afhentar mælingabækur frá Vatnamælingum Orkustofnunar sem þeir skrá mælingar sínar í. Mælt er til að skráð sé í *tvíriti* (notast mætti við kalkípappír til að koma í veg fyrir skráningarvillur). Á tveggja mánaða fresti skal svo afritið / frumritið sent til Vatnamælinga til varðveislu (rífa má blaðsíðurnar úr mælingabókinni):

Vatnamælingar Orkustofnunar


Grensásvegi 9

108 Reykjavík

Merkt: “Smávirðjanir á Austurlandi”

- Á heimasíðu Vatnamælinga (<http://www.vatn.is>) er að finna Excel-skjal þar sem hægt er að reikna út rennsli vatnsfalla ef um er að ræða skilgreint yfirfall. Hægt er að slá vatnshæðarálestra inn í skjalið og er mönnum í sjálfvald sett hvort þeir senda Excel-töfluna eða mælibækurnar sjálfar til Vatnamælinga til varðveislu.

- Æskilegt er að vatnshæð sé skráð **a.m.k. tvisvar sinnum í viku**. Það gildir þó almennt að því tíðari sem skráningin er, þeim mun nákvæmari eru gögnin. Þar sem aðstæður eru góðar er mælingamönnum því ráðlagt að mæla sem oftast.
- Ef **flóða**, eða annarra breytinga á ánni, verður vart er gott að skrá það hjá sér og e.t.v. auka tíðni skráninga þegar slíkir atburðir eiga sér stað.
- **Veðurlýsingar** og athugasemdir, s.s. varðandi **ísatruflanir**, veita mikilvægar upplýsingar sem geta hjálpað mikið við úrvinnslu gagnanna. Mælingamenn eru því hvattir til að skrá samvisskusamlega allar helstu aðstæður og atvik sem upp koma hverju sinni.
- **Mikilvægt er að ávallt sé lesið af kvarðanum á sama hátt.** Ef fleiri en einn lesa af sama kvarða þarf að samræma aðferðir við aflesturinn. Þetta er mikilvægt t.d. ef öldugangs gætir við kvarðann eða annarrar sveiflu í vatnsborðinu; þá þarf að meta vatnshæðina sem **meðaltal aflesturs yfir a.m.k. eina mínútu**. Einnig er það svo að vegna mismunar á yfirborðsspennu vatns og viðloðunar þess við kvarðann sveigist yfirborð vatnsins **upp** næst kvarðanum, ef kvarðinn er úr efni sem hefur góða viðloðun, en **niður** ef viðloðunin er lítil. Sveigja vatnsins getur numið nokkrum millimetrum næst kvarða. Réttasti aflesturinn felst í því að meta hver vatnshæðin væri ef vatnsyfirborðið svignaði ekki næst kvarðanum. En eins og áður segir er þó mikilvægast að lesa alltaf eins af kvarðanum, **helst með nákvæmni upp á ½ cm**.



Mynd 1: Sveigja á yfirborði vatns næst kvarða vegna mismunar á yfirborðsspennu vatnsins og viðloðunar þess við kvarðann.